

Próstur Haraldsson/Maastricht

Bréf af bökkum Maas

Fjölþjóðlegur fótbolti og fleira

Um daginn var ég að horfa á fót-bolta í sjónvarpinu, nánar tiltek-ið úrslitaleikinn í Meistaradeild Evrópu sem fram fór í Mílanó á Ítalíu. Þar áttust við tvö lið, Bayern München frá Þýskalandi og spænska liðið Valencia. Leik-urinn var spennandi eins og vera ber um svona mikilvæga leiki og honum lauk ekki fyrr en eftir framlengingu og víta-spyrnukeppni þar sem þeir þýsku höfðu betur. Sem ég sat þarna í sófanum fór ég að velta því fyrir mér hvað það væri sem tengdi þessi lið við Þýskaland og Spán. Ég sá ekki betur en að meirihluti leikmanna á vellinum væri frá öðrum löndum, jafnvel öðrum heimsálfum. Vörnin hjá Bayern var skipuð tveim Frökk-um, Svía og blökkumanni frá einhverju Afríkuríki. Fyrir fram-an þá var enskur miðjumaður og í framlínunni var Brasilúmaður og maður sem gegndi því hljóm-fagra nafni Hassan Salihamidzic en hann mun vera þýskur ríkis-borgari, fæddur og uppalinn í Bosníu-Hersegóvínu. Hlutfall heimamanna virtist við fyrstu sýn heldur hærra í liði Valenciu. Þó leyndust þegar betur var að gáð nokkrir Argentínumenn og Brasilúmenn að baki nöfnum sem höfðu spænskan hljóm. Einnig var þar amk. einn Ítali og tveir blökkumenn, annar frá ein-hverri fyrrum franskrí nýlendu í Afríku. Hinn heyrði ég tala klingjandi norsku við fréttá-menn fyrir nokkru en hann mun vera norskur ríkisborgari þótt hann beri nafnið John Carew.

Hvaða mál er talað í Leiftri?

Nú ætti það ekki að koma nein-um á óvart hversu algengt það er orðið að atvinnumenn í knatt-spyrnu fari milli landa til að afla sér lífsviðurværis. Evrópudóm-stóllinn og fleiri evrópskar stofn-anir hafa rutt úr vegi flestum hömlum sem áður giltu um fjölda erlendra leikmanna í evr-ópskum liðum og það á raunar einnig við um íslensk knatt-spyrnulið. Ég man eftir því að hafa setið í grasbrekkunni við Dalvíkurvöll og horft á heima-menn vinna frækinn sigur á liði af Austfjörðum þar sem samræð-ur gestanna inni á vellinum fóru að mestu leyti fram á serbókróa-tísku því flestir leikmanna voru mæltir á þá tungu. Meðal ann-arra orða: Hvaða mál ætli sé tal-að í Leiftri? Nei, það sem ég var að hugsa um þarna í sófanum gónandi á boltann var að þessi fjölþjóðlegi kokkteill á vellinum væri í raun spegilmynd af því þjóðfélagi sem er að verða til í Evrópu. Á hverju ári flytjast hundruð þúsunda manna til Evr-ópu frá löndum utan álfunnar - sumir löglega, aðrir ólöglega - og við þá tölu bætist allur sá fjöldi sem flyst milli landa innan álf-unnar. Evrópskt samfélag verð-ur æ alþjóðlegra og fjölbreyttara og flestir sjá sem betur fer hversu góð áhrif þessi fjöl-breytni hefur á allt mannlíf.

Leiðin að hjarta mannsins

Nú orðið þykir það hversdags-legt að geta valið um mat frá flestum heimshornum langi mann út að borða. Maastricht er engin undantekning á því þótt hún teljist engin stórborg á evr-ópskan mælikvarða með svipað-an íbúafjölda og Reykjavík án nærliggjandi svefnbæja. Hér er hægt að borða mat frá ýmsum héruðum Ítalíu (Sardinía er í

miklu uppáhaldi hjá minni fjöl-skyldu) og fjölmörgum löndum Asíu. Fyrrum nýlendur Hollend-inga í Indónesíu og Súrínam eiga sína fulltrúa að sjálfsögðu og svo mætti áfram telja. Auðvitað mætti segja sem svo að hollensk-ir kokkar séu fullfærir um að læra framandi eldamennsku og að þess vegna væri ekki nauð-synlegt að flytja inn stóra hópa fólks frá öðrum heimsálfum. En fyrst þessir innflytjendur eru komnir á annað borð þá þurfa þeir að hafa eitthvað fyrir stafni og þá langar að sjálfsögðu í mat eins og mamma eldaði hann heima í Djakarta eða Bangkok. Svo komast innfæddir upp á bragðið og þá verður ekki aftur snúið. Þannig er þetta á mörgum sviðum, fólk heillast af framandi menningu, list og hefðum. Þetta þarf ekki að segja Dalvíkingum eða voru ekki töluð ein fimmtán tungumál í Dalvíkurskóla á ný-liðnum vetri?

Íslömsk forneskja

En því miður fylgir þessu ágæta skammrifi nokkur böggull. Hann er sá að þröngsýni og for-dómar sem blunda með þjóðun-um hafa skotið upp kollinum í kjölfar innflytjendastraumsins. Fólk óttast að innflytjendur taki frá því vinnuna eða geri því ann-an óskunda. Sá ótti er byggður á misskilningi því reynslan sýnir að innflytjendur fylla bara í skörð sem myndast hafa á vinnumarkaði og ganga í störf sem við Evrópubúar viljum af einhverjum ástæðum ekki sinna. Ástæðan fyrir þessum fordóm-um er vanþekking, fólk óttast það sem það þekkir ekki og vissulega geta framandi siðir og hefðir fólks með annað litaraft og aðra guði en innfæddir eiga að venjast blásið fáfróðum ótta í brjóst. Eina ráðið til að eyða þeim ótta er fræðsla og aftur fræðsla. Sú fræðsla þarf að vera á báða bóga því oft vill það brenna við að innflytjendur bera með sér hluti sem engan veginn falla að siðum og háttum á landinu sem þeir flytjast til. Dæmi um það kom upp hér í Hollandi í vor þegar tveir islamskir klerkar tóku að víðra fordóma sína og forneskjuleg viðhorf í garð sam-kynhneigðra. Í blaðaviðtölum héldu þeir því fram að samkyn-hneigð væri sjúkdómur en greindi raunar á um hvort hann ætti sér líkamlegar eða geðrænar orsakir.

Hörð viðbrögð ráðherra

Viðbrögð hollenskra við þessu óvænta framlagi klerkanna til samfélagsins voru til mikillar eftirbreytni fannst mér. Forsæt-ísráðherrann og annar ráðherra gengu fram fyrir skjöldu og for-dæmdu þessa forneskju klerk-anna. Og ekki nóg með það heldur kölluðu þeir alla múslímska trúarleiddoga í land-inu á sinn fund og lásu þeim pistilinn. Þeir skýrðu klerkunum frá því að í Hollandi hefði það lengi verið stefna stjórnvalda að stuðla að auknu umburðarlyndi milli þegnanna innbyrðis enda vildu þeir að fólk lærði að virða hvert annað og umbera, burtséð frá trúarskoðunum, litarhætti, kynhneigð eða stjórnmálaskoð-unum. Ráðherrarnir sögðu klerkunum að yfirlýsingar á borð við þær sem tveir þeirra höfðu látið falla stefndu í gagn-stæða átt, þær kyntu undir hatrí gegn einum tilteknum þjóðfé-lagshópi og yrðu þess vegna ekki liðnar. Nú má sjá þess glögg



Nautnir frá nýlendunum: Hollenskum hjónum borið indónesískt rijstafel á veitingastað í Amsterdam.

merki að ráðherrarnir höfðu sitthvað til síns máls því í frétt-um nýliðinnar helgar segir frá því að lögreglan hafi handtekið hóp af marokkönskum og sómölskum unglingum sem lagt höfðu leið sína á samkomustað samkynhneigðra í borginni Eindhoven í því augnamiði að berja þá og ofsækja.

Gert út á fordómana

Því miður eru ekki allir stjórnmálamenn jafnréttisýnir í þess-um efnum og hollensku ráðherr-arnir. Margir þeirra sjá sér hag í því að spila á og kynda undir for-dómum gegn innflytjendum. Í stað þess að vinna gegn fáfræð-inni auka þeir við hana í þeim tilgangi einum að afla sér at-kvæða og hlaða undir sjálfa sig og flokka sína. Gjarnan er þetta gert í nafni einhverrar öfugsnú-innar þjóðernishyggju sem ekki er í neinum tengslum við dag-

lega og fjölþjóðlega tilveru fólksins í landinu. Hollendingar hafa fyrir einhverja lukku slopp-ið að mestu við slíkt fár en það sama verður ekki sagt um ná-grannaþjóðirnar, svo sem Belgíu og Þýskaland. Það er ekki gott að segja hvers vegna Hollend-ingar hafa sloppið við þjóðernis-öfstækið. Kannski er það ein-faldlega í andstöðu við hefðir og venjur, hér hefur um aldir verið iðkuð mikil jafnvægiskunst á milli trúarhópa enda skiptist þjóðin nokkurn veginn til jafns í kaþólska, mótmælendur og trú-leysingja. Þessi staða hefur sett mark sitt á hollenska pólitík því hér er list málamiðlunarinnar öðrum listum æðri.

Til varnar velferðinni

En í nágrannalöndunum hafa þeir stjórnmálamenn sem vilja ræða málefni innflytjenda æs-ingalaust og í eðlilegu samhengi

fengið bágð fyrir og mátt þola of-sóknir og yfirgang lýðskrumar-anna. Á þessu sýnist mér þó að sé að verða breyting því æ fleiri stjórnmálamönnum verður ljóst að það er ekki bara siðferðileg skylda hins evrópska samfélags að taka við þeim sem hingað vilja flytja, ekki síst þeim sem beinlínis hrekjast hingað undan ofsóknum heima fyrir. Það er nefnilega komið á daginn að framtíðarvonir hins evrópska velferðarþjóðfélags eru hreint og beint háðar því að til álfunnar liggi jafn og þéttur straumur inn-flytjenda. Evrópuþjóðirnar eru að eldast og þær fjölga sér mun hægar en þær gerðu á árunum eftir stríð. Þegar fram í sækir er hætta á að þær kíkni undan því að halda uppi fjölmennum hópi aldraðra þegar mín kynslóð fer á eftirlaun. Þá verða yngri kyn-slóðirnar sem þurfa að vinna fyr-ir okkur mun fámennari en við erum. Um þetta hafa verið skrif-aðar lærðar skýrslur sem allar ber að sama brunni: Eina leiðin út úr þessari klípu er að auka innflutning á fólki frá öðrum pörtum heimsins, fólki sem vill vinna erfiðu láglounastörfin sem við nenum ekki lengur að sinna, menntafólki frá þriðja heiminum til að fylla upp í skörðin sem margniðurskorið menntakerfi Evrópu hefur búið til í atvinnulífínu og síðast en ekki síst fólki sem nennir að fjölga sér því ekki nenum við því heldur. Svona getur nú fót-boltinn í sjónvarpinu leitt mann út í alvarlegar vangaveltur.



Ný staða strax

Þjónustusíminn er tölvuvæddur símsvari í

Reiknisstofu bankanna sem veitir

þér upplýsingar um rétta stöðu á tékka-

og sparisjóðsreikningum þínum- og

tuttugu síðustu færslur. Þú þarft ekki lengur að

biða eftir reikningsyfirliti heldur getur þú

hringt beint í þjónustusímann og fengið

nýjustu stöðuna strax.

Öruggt - einfalt - þægilegt

Þú getur hringt í þjónustusímann hvaðan sem er í heiminum. Jafnt á nóttu sem degi

Þjónustusíminn 515 4444 Leiðbeiningar

Bein lína Sparisjóða um land allt.

Sparisjóður Svarfdæla

Dalvík
460 1800

Hrísey
466 1700

Árskógi
466 1880